



## Íþróttakademía ÍBV Íþróttafélags og GRV

Nemendur í íþróttakademíunni fá eina styrktaræfingu á viku allan veturinn. Tækniæfingunum er skipt upp í handknattleik og kattspyrnu þar sem kennt er í lotum, samtals 7 vikur í hvorri íþrótt. Að loknum tækniæfingum býðst nemendum að fá hafragraut í grunnskólanum. Nemendur GRV hafa kost á því að sækja aðra hvora íþróttina eða báðar sér að kostnaðarlausu.

### Markmið íþróttakademíunnar:

- Að koma á formlegum samskiptum milli Grunnskóla Vestmannaeyja og ÍBV íþróttafélags.
- Að efla áhuga, metnað og árangur ungra íþróttamanna í grunnskólanámi og íþróttum.
- Að draga úr brottfalli úr íþróttum á viðkvæmum aldri.
- Að fyrirbyggja/seinka vímuefnaneyslu unglinga og styðja þá í ákvarðanatöku gegn vímuefnum.
- Að fylgja skóla-, æskulýðs-, íþrótt- og forvarnarstefnu sveitarfélagsins.

### Hver er ávinningur nemenda af íþróttakademíunni?

- Tækifæri á að verða betri íþróttamaður, jafnvel afreksíþróttamaður og fyrirmynd.
- Tvær aukaæfingar í viku auk fjölda fyrirlestra.
- Leiðsögn í næringarfræði, forvörnum meiðsla, samhæfingu náms og íþróttar, réttu hugarfari og nauðsyn þess að lifa heilbrigðu lífi til að ná langt í öllu sem þau taka sér fyrir hendur.
- Undirbúningur fyrir Afreksíþróttakademíuna í Framhaldsskólanum.
- Meira aðhald í námi sem jafnvel skilar betri námsárangri.

## Samningur nemenda í GRV

- Nemendur neyti engra vímuefna.
- Nemendur leggi sig alla fram í sínu námi, mæti vel, skili heimaverkefnum á réttum tíma og standa sig eftir bestu getu í prófum.
- Nemendur verða öðrum fyrirmynd hvað varðar þátttöku og hegðun í námi, félagsstarfi og íþróttum innan og utan skólans ásamt því að sýna kennurum, þjálfurum og samnemendum virðingu.
- Nemendur þurfa að hlýta ströngum mætingar- og hegðunarreglum íþróttakademiunnar hvort sem um er að ræða æfingar eða fyrirlestra.
  - Áverkavottorð og keppni í íþróttagrein eru ekki tekin til greina sem skýring á fjarvist (aðeins ef nemandi er í keppnisferðalagi).